

Nd.

193. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Matthías Bjarnason, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, eða útgerðarmanni vegna hins slasaða, fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga samkv. 35. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1967 bætist nýr töluliður, sem verði f-liður og hljóði svo:

f. Að greiða bætur skv. 53. gr., enda renni iðgjöld sjúkratrygginga, sem útgerðarmenn greiða og/eða ríkissjóður og sveitarsjóðir þeirra vegna, til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

3. gr.

Ný gr., sem verði 53. gr. laganna, bætist við, en töluröð annarra greina breytist í samræmi við það:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum sjúka, eða útgerðarmanni vegna hins sjúka, fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga sjúkrasamlags samkvæmt 50. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 11 frá 19. apríl 1963 voru gerðar nokkrar breytingar á sjómannalögum, nr. 41 frá 19. maí 1930. Með lögum nr. 67 frá 31. des. 1963 voru breytingar á sjómannalögum, sem gerðar voru með lögum nr. 41/1963, felldar inn í meginmál laganna frá 1930 og þau þannig gefin út sem lög nr. 67/1963.

Með breytingum þessum á sjómannalögum var ákvæðum um bætur til handa sjómönnum í slysa- og veikindatilfellum breytt verulega frá því, sem gilt hafði áður. Breyting þessi var í því fólgin, að nú var útgerðarmönnum skylt að greiða fullan hlut til skipverja, er slasazt hafði eða veikzt, háseta í 1 mánuð í stað 7 daga áður, stýrimönnum, vélstjórum, loftskeytamönnum og brytum í 2 mánuði í stað 1 mánaðar áður, en ákvæði um skipstjóra voru óbreytt, þ. e. 3 mánuðir.

Í 39. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40 frá 1963, er ákvæði um það, að útgerðarmönnum sé skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, samkvæmt þá gildandi sjómannalögum, sem voru lögín frá 1930, er þeir þurfa að greiða, þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiddi aðeins í slysatilfellum fullt kaup eða aflahlut í 1 viku frá afskráningardegi að telja. Er þessi ákvæði í lögnum um almannatryggingar voru sett, var miðað við ákvæði eldri sjómannalaga.

Eins og hér að framan kemur í ljós, voru mun víðtækari ákvæði sett í sjómannalögín frá 1963 í þessum efnun. Reynt hefur verið að fá ákvæðum þessum breytt, en það hefur með öllu reynzt árangurslaust. Skyldur útgerðarmanna í þessum tilvikum eru mjög víðtækar, mun víðtækari en annarra vinnuveitenda.

Því er í frumvarpi þessu lagt til, að Tryggingastofnun ríkisins verði gert að greiða í slysa- og veikindatilfellum sjómanna þær bætur, sem útgerðarmönnum er skylt að greiða skv. sjómannalögum, en útgerðarmönnum hins vegar gert skylt, á sama hátt og nú segir í 39. gr. laganna um almannatryggingar um bótaskyld slys, að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá, sem þeim ber skv. sjómannalögum, bæði að því er varðar slys og veikindi. Þá er gert ráð fyrir því, að sjúkraiðgjaldagreiðslur, sem útgerðarmenn greiða, renni til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.